

Skattstjórnin í Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 128/455

komudagur 3. 12. 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
bt. nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 324. mál.

Með bréfi nefndarinnar, dags. 19. nóvember 2002, er óskað eftir umsögn minni um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu eru lagðar til margvíslegar breytingar en ég mun einungis fjalla um fáar þeirra.

Í 2. grein er lögð til sú breyting að heimilt verði að nýta eftirstöðvar rekstrartapa í tíu ár í stað átta ára áður. Ég tel að útfæra þurfi nánar hvernig viðbótarárin bætast við.

Upplýsingar um níu ára gamalt tap (þ.e. tap skv. framtali 1993) eru ekki geymdar í framtalsgögnum ársins 2002. Við vélrænan samanburð framtalsgagna á árinu 2004 kemur því fram (meint) misræmi hjá þeim aðilum sem færa inn tap frá þessu ári, jafnvel þótt það sé réttmætt. Slíkar ábendingar leiða til þess að kanna þarf hvert tilvik með handvirkum hætti. Af því getur leitt aukið vinnumagn sem óvíst er að hægt verði að bæta við eins og nú er ástatt. Aukning handavinnu er í ósamræmi við þá þróun til aukinnar sjálfvirkni í skattvinnslu, sem unnið hefur verið að. Hjá þessum vanda má komast með því að á framtalsárinu 2003 verði einungis heimilt að draga frá töp síðustu níu ára í stað síðustu 10 ára.

Í 6. gr. er lagt til að framtals- og skattlagningarstaður samskattaðra félaga, sbr. 57. gr. B, verði í umdæmi móðurfélags og jafnframt að skattstjóra þess umdæmis sé heimilt að breyta framtölum hinna samsköttuðu félaga. Þessi breyting er mjög til bóta og mun gera framkvæmd við samsköttun félaga skilvirkari. Í greininni er jafnframt lagt til að ríkisskattstjóri fái heimild til að víkja frá ákvæðum um framtals- og skattlagningarstað þegar skattaðilar flytja milli umdæma. Hér er um breytingu til bóta að ræða. Í þessu sambandi þykir rétt að vekja athygli á að í þeim tilvikum þegar einkahlutafélag og sameignarfélag eru ekki í sama umdæmi og aðaleigendur þeirra er allt skatteftirlit mjög þungt í vöfum. Ef fylgja á eftir breytingum þeim sem gerðar voru á ákvæðum um reiknað endurgjald með lögum nr. 133/2001, sem breyttu lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og auka skatteftirlit með aðilum sem skulu reikna sér endurgjald getur það leitt til skattbreytinga bæði hjá einstaklingnum og félaginu. Séu þessir aðilar í tveimur umdæmum þurfa tveir skattstjórar að koma að málinu. Væri mjög til bóta ef hægt væri að gera breytingar á báðum aðilunum í sama umdæminu.

Skattstjórnin í Reykjavík

Í 7. gr. er lagt til að skylt verði að veita skattstjóra upplýsingar um kaup og sölu á skráningarskyldum ökutækjum. Ég tel að hér sé um þarfa breytingu að ræða.

Virðingarfyllst

Gestur Steinþórsson

Gestur Steinþórsson

